

Fylgiskjal 7**Leiðbeinandi reglur um viðhald búnaðarins.**

Þessar leiðbeinandi reglur eru gerðar með það að markmiði að allur búnaður sem á að vera í gámum sé í lagi þegar grípa þarf til hans í neyðartilvikum.

Vélar:

Allar vélar skal ræsa á minnst þriggja mánaða fresti.

- prófa dælur;
- kveikja á ljósum;
- setja í gang loftpressu.

Annar búnaður:

Útbúa skal gátlista þar sem farið er yfir hvort allt sé til staðar sem á að vera, svo sem:

- hlífðarfatnaður,
- verkfæri,
- hreinsiefni,
- dreifiefni.

Til að unnt sé að bregðast við með skjótum og ódýrum hætti er lagt til að útbúin verði kerra, eða öruggur aðgangur tryggður að kerru, sem rúmar lágmarkshluta af búnaðinum úr gámnum.

Nr. 466

14. júlí 1998

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 177/1998 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.**

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á I. viðauka, B-hluta, 2. flokkur og II. viðauka, B-hluta, 2. flokkur:

Í stað „metýlakrýlamíðómetoxýasetat ($\leq 0,1\%$ akrýlamíð)“ kemur: metýlakrýlamíðó-metoxýasetat (inniheldur $\geq 0,1\%$ akrýlamíð).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, svo og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 14. júlí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.